



ÁRSSKÝRSLA MENNTASKÓLANS Í REYKJAVÍK 2024



Sólveig G. Hannesdóttir rektor

Ávarp rektors

Hér verður farið yfir helstu atriði er viðkoma nemendahaldi, starfsfólki, rekstri og starfsemi Menntaskólans í Reykjavík fyrir árið 2024.

Vormisseri 2024 var með hefðbundnu sniði. Í maí brautskráðust 214 stúdentar frá skólanum, 36 af máladeildum, 34 af eðlisfræðideildum og 144 af náttúrufræðideildum.

Haustmisserið 2024 innrituðust fleiri nýnemar í 4. bekk en mörg ár á undan. Aðsókn að skólanum var góð og árgangurinn sem útskrifaðist úr grunnskóla 2024 var með stærri



Mynd 1: Sjóttubekkingar sækja nýnema inn í skólann til að tollera þá, haustið 2024



Mynd 2: Nýnemi tolleraður og boðinn velkominn í skólann,

árgöngum. Lok haustmisseris litaðist af kjarabaráttu FF og FS og ríkis. Félagsfólk FF og FS við skólann fóru í tveggja vikna verkfall í lok misserisins.

Félagslíf nemenda var öflugt og vel skipulagt. Fastir liðir eru t.a.m. tolleringar, busaball, árshátíðir, sokkaballa, nýnemaferð, fiðluball og dimissio.

Nemendur stóðu sig afar vel í hinum ýmsu keppnum, t.d. í landskeppnum í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og líffræði. Nemendur fengu verðlaun í spænskuhátíð HÍ, þýskupraut og frönskukeppni framhaldsskólanna. Lið MR í Gettu Betur stóð sig vel og komst í úrslit í ár.

Alþjóðleg samskipti og samstarf MR við skóla erlendis er mikilvægur þáttur í starfi skólans. Farið var í fjölda ferða, með og án nemenda og tók skólinn á móti fjölda erlendra gesta. Slíkt samstarf er mikilvægt til að stuðla að víðsýni og umburðarlyndi, auka meðvitund um sjálfbærni, heilbrigða lifnaðarhætti og jafnrétti.

Húsnæðismál skólans voru óbreytt frá árinu 2023. Enn er skólinn að hluta til í leiguhúsnæði í Austurstræti. Við vonum að vinna við hönnun á framtíðarskólahúsnæði fyrir MR sé í sjónmáli, á menntaskólareitnum, þar sem nemendur fái kennslustofur, mötuneyti, samkomustað og aðgengi fyrir alla.

Mynd 3 – á forsíðu: Skólasetning haustið 2024 - gengið fylktu liði frá MR út í Dómkirkju

Efnisyfirlit

Ávarp rektors	1
Efnisyfirlit	2
Hlutverk og markmið skólans.....	3
Nemendur og námsframboð.....	4
Starfsfólk skólans	6
Fjöldi starfsfólks við skólann	6
Jafnlaunavottun	7
Stjórn skólans.....	7
Skipurit Menntaskólans í Reykjavík	8
Skólanefnd Menntaskólans í Reykjavík.....	8
Verkefnastjórar	8
Foreldrafélag og Hollvinafélag skólans	9
Stjórn Hollvinafélags Menntaskólans í Reykjavík.....	9
Stjórn Foreldrafélags Menntaskólans í Reykjavík	9
Alþjóðleg samskipti	9
Árangur í námi og brotthvarf nemenda	10
Húsnæðismál.....	13
Umhverfismál.....	14
Stefnumiðuð áætlun – Framkvæmd markmiða – skólapróun	14
Rekstur	15
Innra og ytra mat	15
Viðauki 1 – Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára, 2024-2026	17

Hlutverk og markmið skólans

Menntaskólinn í Reykjavík er bóknámsskóli og kennt er í bekkjarkerfi. Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi aðalnámsskrá. Sérstaða skólans er, auk bekkjarkerfis, að flestar námsgreinar eru skipulagðar sem heilsárs áfangar. Námsstími til stúdentsprófs er þrjú ár og einingafjöldi á bilinu 209-216 einingar eftir deildum innan námsbrauta. Brautir við skólann eru þrjár: málabraut, náttúrufræðibraut og starfsbraut. Málabraut skiptist í formáladeild og nýmáladeild og náttúrufræðibraut í eðlisfræðideildir I og II og náttúrufræðideildir I og II. Inntökuskilyrði hvorrar námsbrautar eru tilgreind á heimasíðu skólans, ásamt skólareglum og námsskrá skólans. Starfsbraut hefur verið starfrækt síðustu tvö skólaár og stunda sjö nemendur einstaklingsmiðað nám þar.

Menntaskólinn í Reykjavík er elsti framhaldsskóli landsins og honum tengjast ríkar hefðir og venjur. Aðaláherslur skólans eru að undirbúa nemendur sem best undir háskólanám, að veita þeim góða menntun í skólaumhverfi sem þeim líður vel í, eru örugg og njóti stuðnings, með áherslu á þekkingu, þrautseigju og árangur. Nemendur verði sem best í stakk búnir til að takast á við áskoranir í framtíðinni, bæði hnattrænar og samfélagslegar. Skólinn kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Menntaskólinn í Reykjavík er í góðri samvinnu við erlenda framhaldsskóla og stenst vel alþjóðlegan samanburð.

Hver bekkur skólans hefur sína heimastofu en auk þess er skólinn vel búinn verklegum kennslustofum í raungreinum og tölvuverum. Umsjónarkennari bekkjar hefur umsjón með sínum bekk en auk þess er stoðþjónusta við skólann sem nemendur geta leitað til, námsráðgjafar og hjúkrunarfræðingur.

Áherslur og markmið skólans falla vel að markmiðum stjórnvalda um að tryggja aðgang að gæðanámi og -kennslu, koma í veg fyrir brottfall nemenda og að fleiri nemendur ljúki námi á tilskildum tíma.



Mynd 4: Gettu betur lið skólans (2024) komst í úrslit keppinnar, en tapaði fyrir sterku liði Menntaskólans við Hamrahlíð.

Nemendur og námsframboð

Á vormisseri 2024 voru 666 nemendur við skólann, 285 (42,8%) piltar og 381 (57,2%) stúlkur. Skipting í árganga var þannig að 217 voru í 6. bekk, 215 voru í 5. bekk, 230 í 4. bekk og fjórir nemendur á starfsbraut. (Viðmiðunardagsetning 1. febrúar 2024)

Haustið 2024 innrituðust 290 nýnemar í 4. bekk, einum bekk fleiri en árið á undan, enda óvenjustór árgangur að útskrifast úr grunnskóla og aðsókn að skólanum góð. Þrír nemendur innrituðust í starfsbraut í viðbót við þá fjóra sem voru fyrir. Í 5. bekk voru 209 og í 6. bekk 205 nemendur. Alls voru því 711 nemendur í skólanum haustmisserið 2024.

(Viðmiðunardagsetning 1. nóvember 2025)

Nám á starfsbraut hófst haustið 2023. Á haustmisseri 2024 var nemendum fjölgað um þrjá, en sökum plássleysis eru ekki líkur á að hægt verði að taka við fleiri nemendum á starfsbraut. Kennslan á starfsbrautinni hefur gengið vel, unnið er að markmiðum um að auka hæfni og getu nemenda til að takast á við verkefni daglegs lífs, vinnu, tómstunda og áframhaldandi náms. Nemendur og foreldrar starfsbrautar hafa verið ánægð með áherslu brautarinnar með fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðaða nálgun. Vorið 2024 fóru kennarar við starfsbraut með starfsbrautarnema í vel heppnað ferðalag til Vestmannaeyja.



Mynd 5: Fiðluball sjöttubekkinga var haldið í lönó í mars 2024.

Flestir nemendur skólans eru úr Reykjavík og langflestir af höfuðborgarsvæðinu (tafla 1).

Tafla 1: Nemendur á haustmisseri 2024 eftir sveitarfélögum		
	Fjöldi	%
Reykjavík	461	65%
Seltjarnarnes	63	9%
Kópavogur	72	10%
Garðabær	42	6%
Hafnarfjörður	40	6%
Mosfellsbær	14	2%
Önnur sveitarfélög	19	3%
Alls	711	

Kynjahlutfall nemenda er ekki jafnt á milli brauta. Á málabraut er meirihluti stúlkur, en á eðlisfræðideildum eru fleiri piltar. Í náttúrufræðideildum er minni munur á milli kynjanna, en hlutfallið þar endurspeglar hlutfall kynjanna í skólanum í heild, um 57% stúlkur á móti 43% piltar.

Námsframboð við MR sést í töflu 2, ásamt einingafjölda áfanga í deild, miðað við nemendur sem innritast frá og með hausti 2024. Sú breyting hefur orðið að máladeildir eru nú tvær, formáladeild og nýmáladeild.



Tafla 2: Námsframboð í Menntaskólanum í Reykjavík

Gildir um innritaða nemendur frá og með 2024

	Forn	Ným	Eðl I	Eðl II	Nátt I	Nátt II
Íslenska	29	29	29	29	29	29
Danska	10	10	5	5	5	5
Enska	33	33	17	17	17	17
3. mál*	30	30	16	16	16	16
Latína	35	9	0	0	0	0
4. mál*	0	24	0	0	0	0
Gríska	18	0	0	0	0	0
Saga	16	16	16	16	16	16
Félagsfræði	0	19	0	0	0	0
Stærðfræði	10	10	51	46	38	35
Efnafræði	0	0	15	15	22	22
Lífræn efnafræði	0	0	0	0	10	10
Jarðfræði	5	5	5	5	5	5
Líffræði	0	0	10	10	30	30
Eðlisfræði	0	0	34	29	10	10
Tölvufræði	2	2	2	2	2	2
Íþróttir	5	5	5	5	5	5
Forritun	0	0	5	5	0	0
Fornfræði	10	0	0	0	0	0
Málvísindi	5	5	0	0	0	0
Valgreinar	5	10	5	10	5	10
Einingar alls	213	207	215	210	210	212

* Franska, spænska eða þýska

Starfsfólk skólans

Fjöldi starfsfólks við skólann

Við skólinn störfuðu 93 starfsmenn á haustmisseri 2024. Þar af var 61 kona (65,6%) og 32 karlar (34,4%), í 86,9 stöðugildum. Kennarar eru 60 talsins, 4 leiðbeinendur og 8 stundakennarar. Einn fulltrúi var á skrifstofu, 3 náms- og starfsráðgjafar (1,9 stöðugildi), 1 hjúkrunarfræðingur (0,7 stöðugildi), 1 umsjónarmaður mannvirkja, 1 matráður, 1 starfsmaður í kaffisölu nemenda og 7 skólaliðar. Í stjórn skólans er rektor, konrektor, kennslustjóri, fjármála- og skrifstofustjóri og verkefnastjóri (0,5 stöðugildi).

Í töflu 3 má sjá hvernig starfsfólk skólans skiptist á starfsheiti og kyn.

Menntunarstig starfsfólks er hátt, en 5 þeirra eru með doktorspróf og 45 með meistarapróf. Yfir 83% kennara eru með full kennsluréttindi. Þrír námsráðgjafar eru við skólann (tveir á vormisseri 2024, þrír á haustmisseri) og einn hjúkrunarfræðingur. Stöðugildi hjúkrunarfræðingsins er í samvinnu við Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins, en mikil áhersla hefur verið á að bæta stoðþjónustu við nemendur á síðustu árum og er sú þjónusta vel nýtt. Aldursdreifing starfsfólks er þannig að langflestir, eða tæplega helmingur (47%) er á bilinu 35-54 ára.

Á starfsdegi skólans í október 2024 var unnið að fyrsta samskiptasáttmála skólans. Sáttmálinn felur í sér yfirlýsingar um framkomu og hegðun, hver gildi starfsfólks skólans séu, viðmóts og samstarf sem við viljum tileinka okkur öll. Einnig komu fram ýmsar tillögur að breytingum á umgengni, vinnuaðstöðu, samtölum, fundum og stuðning við nýja kennara.



Mynd 6: Umsjónarkennarar fá gjarnan hlutverk í dimissio hjá umsjónarbekknum sínum, vorið 2024.

Tafla 3: Starfsfólk skólans á haustmisseri 2024 skiptist þannig á starfsheiti				
Starfsheiti	Karlur		Konur	
	Fjöldi	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi	Fjöldi stöðugilda
Rektor			1	1
Konrektor	1	1		
Kennslustjóri			1	0,9
Fjármálastjóri			1	1
Verkefnastjóri			1	0,5
Framhaldsskólakennarar	23	22,96	39	31,8
Stundakennarar	6	0,93	2	0,42
Leiðbeinendur	2	1,5	2	2
Náms- og starfsráðgjafar			3	1,9
Hjúkrunarfræðingur			1	0,7
Bókavörður			1	1
Fulltrúi á skrifstofu			1	1
Umsjónarmaður fasteigna	1	1		
Matráður			1	1
Kaffiumsjón			1	1
Ræstitæknar			5	4,7
Alls	33		60	

Jafnlaunavottun

Menntaskólinn í Reykjavík fylgir [jafnlaunastefnu](#) sem byggir á [jafnréttisáætlun](#) skólans. MR fékk jafnlaunavottun skv. jafnlaunastaðli ÍST 85:2012 vorið 2020. Með vottuninni fær stofnunin staðfestingu á því að ákvarðanir í launamálum starfsfólks séu málefnalegar og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Til að vottun geti átt sér stað þarf að flokka öll störf innan skólans, greina störfina m.t.t. kjarasamninga og stofnanasamninga sem MR hefur gert við stéttarfélög starfsfólks skólans. Skólinn stóðst viðhaldsúttekt í apríl 2024.



Stjórn skólans

Stjórn Menntaskólans í Reykjavík er

- Sólveig G. Hannesdóttir rektor
- Trausti Þorgeirsson konrektor
- Ólöf Erna Leifsdóttir kennslustjóri
- Helga Liv Óttarsdóttir fjármála- og skrifstofustjóri
- Sigríður Árnadóttir verkefnisstjóri

Skipurit Menntaskólans í Reykjavík



Mynd 7: Skipurit Menntaskólans í Reykjavík

Skólanefnd Menntaskólans í Reykjavík

Skólanefnd MR var skipuð haustið 2021 til fjögurra ára (2021-2025):

- Ari Karlsson
- María Maack
- Guðjón Þór Jósefsson
- Alexandra Briem
- Albert Guðmundsson

Auk þeirra sitja áheyrnarfulltrúar foreldra, kennara og nemenda, auk rektors og konrektors fundi skólanefndar.

Verkefnastjórar

Eftirfarandi verkefnastjórar eru ráðnir til eins eða tveggja ára í senn:

- Prófstjóri: Trausti Þorgeirsson vormisseri 2024
- Prófstjóri: Steinunn María Stefánsdóttir haustmisseri 2024
- Gæðastjóri: Hilmar Guðlaugsson
- Félagsmála- og forvarnarfulltrúar vormisseri 2024: Jóhannes Helgason og Vilborg Birna Þorsteinsdóttir
- Félagsmála- og forvarnarfulltrúar haustmisseri 2024: Arnór Bjarki Svarfdal Arnarson og Guðrún Kristín Þórisdóttir
- Verkefnastjóri um erlent samstarf: Jóhanna Arnórsdóttir

Foreldrafélag og Hollvinafélag skólans

Menntaskólinn í Reykjavík hefur því láni að fagna að eiga dygga hollvini sem hafa styrkt og stutt við starfsemi skólans með ýmsum hætti.

Stjórn Hollvinafélags Menntaskólans í Reykjavík

- Benedikt Jóhannesson – formaður
- Halldór Kristjánsson – gjaldkeri
- Bogi Ágústsson
- Brynjólfur Jónsson
- Kristín Heimisdóttir – varaformaður
- Krístrún Heimisdóttir
- María Stefánsdóttir – ritari
- Svana Helen Björnsdóttir
- Yngvi Pétursson

Stjórn Foreldrafélags Menntaskólans í Reykjavík

- Helga Rún Runólfsdóttir, formaður
- Þorbjörg Jensdóttir, varaformaður
- Ilmur Kristjánsdóttir, gjaldkeri
- Sigrún Daníelsdóttir Flóvenz, skólanefndarfulltrúi vormisseri 2024
- Burkni Helgason, skólanefndarfulltrúi haustmisseri 2024

Foreldrafélag skólans styður við ýmsa þætti í skólastarfinu. Félagið sinnir forvarnarhlutverki með fræðslu og tekur þátt í gæslu fyrir utan skóladansleiki. Vorið 2024 stóð foreldrafélagið fyrir skemmtilegu vöflukaffi fyrir gesti og gangandi í Menntaskólaselinu í Ölfusi.

Alþjóðleg samskipti

Alþjóðleg samskipti eru mikilvægur þáttur í starfi Menntaskólans í Reykjavík. Skólinn tekur á móti fjölda erlendra gesta á hverju ári og nemendur og kennarar skólans sækja erlenda samstarfsskóla heim. Erlent samstarf þjónar þeim markmiðum sem skólinn vinnur að þar sem áhersla er lögð á þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, læsi, sjálfbærni, heilbrigði, jafnrétti og sköpun. Í þessu felst að kappkostað er að efla þroska nemenda, stuðla að umburðarlyndi og víðsýni, meðvitund um sjálfbærni og heilbrigða lífnaðarhætti.

Sumarið 2022 sótti skólinn um vottaða aðild að Erasmus+ áætluninni sem er í gildi til 2027. Aðildin gerir skólum kleift að skipuleggja evrópskt samstarf fram í tímann án þess að þurfa að skila umsóknum, milli- og lokaskýrslum fyrir einstök verkefni. Aðildarumsóknin var samþykkt. Hvert samningstímabil aðildar eru 15 mánuðir og fyrsta samningstímabil skólans hófst 1.júní 2023 og lauk 31.ágúst 2024.

Vorið 2024 heimsóttu nemendur og nokkrir kennarar samstarfsskóla í EEA verkefni, í Debica í Póllandi. Verkefnið fjallaði um mælingar á loftgæðum og var styrkt af uppbyggingarsjóði EEA.

Heimsókn erfðafræðivals til Kalundborgar í Danmörku var styrkt með Erasmus+ áætluninni. Þar var skipulögð dagskrá þar sem lyfjafyrirtækið Novo Nordisk var heimsótt, Kalundborg Forsyning og Kalundborg Symbiosis. Einnig fengu nemendur að skoða líftækifyrirtækin Unibio og Novonesis og vinna verkefni í tengslum við heimsóknirnar. Afar áhugaverð og fróðleg ferð, þar sem nemendur voru skólanum til sóma.

Undanfarin ár hafa nemendur farið með kennurum sínum í tungumálum og bókmenntum í menningarferðir til nokkurra borga. Vorið 2024 var farið til Kaupmannahafnar, Berlínar og Madrid.

Nánari lýsingar á alþjóðlegu samstarfi, verkefnum og ferðum sem skólinn tekur þátt í er að finna á heimasíðu skólans hér: <https://mr.is/skolinn/althjodleg-samskipti/>

Stefnu Menntaskólans í Reykjavík um erlent samstarf er að finna hér:

<https://mr.is/skolinn/skyrslur-stefnur-og-fundargerdir/stefna-um-erlent-samstarf-menntaskolans-i-reykjavik/>.


Árangur í námi og brotthvarf nemenda

Nemendur sem sækja um nám við skólann þurfa að hafa í lok grunnskóla, náð einkunn B eða hærra í íslensku, ensku, stærðfræði og náttúrufræðigreinum til að komast inn á náttúrufræðibraut skólans og einkunn B eða hærra í íslensku, ensku, stærðfræði og dönsku til að komast inn á málabraut. Innritun í skólann hefur verið á vegum Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS). Haustið 2024 var aðsókn að skólanum mikil og var því ákveðið að taka inn fleiri nýnema en undanfarin ár. Nýnemabekkir á náttúru- og málabrautum voru því 11 talsins (9 á náttúrufræðibraut og 2 á málabraut) haustið 2024, en hafa verið 10 undanfarin ár.

Menntaskólinn í Reykjavík hefur um áraraðir safnað upplýsingum um gengi og árangur nemenda í prófum við skólann. Þetta hafa stjórnendur nýtt sér til að fá mynd af framvindu og þróun á starfi skólans í gegnum árin. Þó að einkunnir segja ekki allt um þróun náms eða stöðu nemenda er athyglisvert að skoða síðustu ár m.t.t. einkunna.


Jólapróf 2024 voru óvenjuleg þar sem verkfall félagsfólks í Kennarasambandi Íslands (KÍ) stóð yfir í tvær vikur (18. – 29. nóvember), þá var kennt í eina viku og prófað vikuna á eftir. Jólaprófum var fækkað í þrjú próf á deild. Nemendur fengu matseinkunn í þeim fögum sem ekki var prófað í. Mögulega hefur fæð prófa haft áhrif á meðaleinkunn nemenda og fjölda

þeirra sem voru undir lágmarkseinkunn. Þegar litið er á vegin meðaltöl nemenda sést að um 6% nemenda stenst ekki lágmarkseinkunn um jólin, en rúmlega helmingi fleiri eru með ágætiseinkunn (yfir 9,00 í vegið meðaltal), eða um 13% (mynd 8).



Mynd 8: Fjöldi nemenda eftir vegnu meðaltali. Ágætiseinkunn er yfir 9,0, I. einkunn er 7,25-9,0, II. einkunn er 6,0-7,24 og III. einkunn er 5,0-5,99.

Ef litið er til síðustu ára má sjá að nemendur sem ná ekki lágmarkseinkunn (5,0) í vegnu meðaltali eru oft í kringum 8-10% (mynd 9). Ívið færri eru í þeim hópi í 4. og 6. bekkjum eftir jólaprófin 2024 en árin á undan og má vera að það skýrist af því að hluti jólaprófseinkunna hafi verið matseinkunnir.




Mynd 9: Hlutfall nemenda með vegið meðaltal undir 5,0 í jólaprófum síðustu fimm árin, greint eftir árgöngum.

Tafla 4: Fjöldi nemenda sem innritast, hætta árinu og brottfall/tilfærsla nemenda í aðra skóla			
Skólaár	Innritun (1.sept.)	Heildarfjöldi sem hættir á árinu	% brottfall eða tilfærsla í aðra skóla árinu
2020-2021	671	34	5,07%
2021-2022	685	31	4,53%
2022-2023	690	37	5,36%
2023-2024	675	36	5,33%
2024-2025	711		


Hlutfall nemenda sem hættir í skólanum eftir árið hefur verið í kringum 5% undanfarin ár. Lang flestir eru nemendur sem fá inngöngu í aðra framhaldsskóla. Brottfall úr skólanum, þar sem ekki er vitað um áframhaldandi nám, er því með allra lægsta móti, eða 0-1% (tafla 4).

Áhugavert er að skoða hvernig einkunnir úr grunnskóla spá fyrir um námsárangur eftir fyrsta ár í framhaldsskóla. Við skoðuðum gengi nemenda sem innrituðust haustið 2023 úr 10. bekk grunnskóla og kláruðu 4. bekk vorið 2024 (mynd 10). Í ljós kom mikil samsvörun á milli



Mynd 10: Samanburður á grunnskólaeinkunn úr 10. bekk og einkunn í íslensku og lesinni stærðfræði að vori í 4. bekk.

grunnskólaeinkunna og einkunna í íslensku og stærðfræði í 4. bekk. Þegar einkunnir eru skoðaðar öll þrjú árin sést að mynstrið heldur sér í gegnum árin. Nemendur sem eru með A í grunnskóla eru hærri að meðaltali öll þrjú árin en þau sem eru með B+, sem eru hærri en þau sem eru með B, eins og sést á mynd 11, þar sem einkunnir í íslensku eru bornar saman.



Mynd 11: Meðaleinkunn nemenda í íslensku í 4. bekk (ísl4b), 5. bekk (ísl5b) og 6. bekk (ísl6b) borið saman við einkunn úr grunnskóla.

Húsnæðismál

Menntaskólinn í Reykjavík hefur um árabíl búið við þröngan húsnæðiskost. Loka þurfti húsi á menntaskólareitnum, Casa Christi, 2021. Í stað þess var húsnæði í Austurstræti 17 tekið á leigu til 8 ára, haustið 2022. Húsnæðið er ágætt til kennslu, en er þó nokkuð frá meginsvæði skólans, og því þurfti að lengja frímínútur og þar með skóladaginn, til að kennarar og nemendur komist á milli staða á tíma. Ókostur er að öll náttúrufræðibrautin í 5. bekk er í Austurstræti, sem gerir það að verkum að nemendur í 5. bekk upplifa sig að einhverju leyti einangruð frá öðrum í skólanum.

Aðsókn að skólanum hefur farið vaxandi og ljóst er að þörfin fyrir rýmra húsnæði hefur aukist. Til að geta búið komandi MR-ingum góða aðstöðu til náms og samveru verðum við að vona að það standi til að byrja á vinnu við hönnun á nýju skólahúsnæði á menntaskólareitnum. Nemendur MR eiga skilið þá lágmarksaðstöðu sem aðrir nemendur í framhaldsskólum hafa haft árum saman: t.d. samkomustað, mötuneyti og aðgengi fyrir alla.

Sumarið 2024 gerði Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir (FSRE) upp tvær skólastofur í Gamla skóla. Hljóðvist, loftræsting og lýsing voru bætt og sjónvörp keypt inn í stað skjávarpa. Einnig var ráðist í mikið verkefni að taka klæðningu af veggjum upp stigann í Gamla skóla og vinna upprunalegu tréklæðninguna upp. Klæðningin er mikill eldmatur og því öryggisatriði að fjarlægja hana. FSRE náði upp að annarri hæð og ráðgert er að taka það sem eftir er af stigaganginum sumarið 2025. Til viðbótar sinnti FSRE ýmsu öðru viðhaldi á húsnæði skólans, svo sem málningu utandyra. Gamli skóli er áberandi og falleg bygging í miðborg Reykjavíkur, með langa menningar- og menntunarsögu. Við reynum eftir fremsta megni að sinna viðhaldi þessa tignarlega húss af alúð.

Umhverfismál

Á haustmisseri 2021 setti skólinn sér umhverfis- og loftslagsstefnu. Yfirmarkmið hennar er að fram til ársins 2030 muni skólinn draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% miðað við árið 2019. Setning umhverfis- og loftslagsstefnu er hluti af verkefninu *Græn skref í ríkisrekstri* sem skólinn hóf þátttöku í árið 2020. Veturinn 2021-2022 var gert mikið átak í að gera sorphirðu umhverfisvænni og auka sorpflokkun við skólann. Í júní 2023 fékk skólinn viðurkenningu Umhverfisstofnunar fyrir annað Græna skrefið. Sorpflokkun var aukin og lífrænum tunnum bætt við flokkunartunnurnar í öllum byggingum. Hjólaaðstaða var bætt og matarinnkaup endurskoðuð. Vonir standa til að skólinn geti klárað öll fimm grænu skrefin á næstu tveimur árum.



Stefnumiðuð áætlun – Framkvæmd markmiða – skólaþróun


Stefnumiðuð áætlun Menntaskólans í Reykjavík fyrir 2024-2026 var samþykkt af mennta- og barnamálaráðherra í byrjun árs 2024. Þar koma fram markmið skólans til þriggja ára og eru þau í samræmi við markmið og áherslur málaflokksins. Sjá má stefnumiðaða áætlun skólans í **viðauka 1**.

Mælanleg markmið fyrir MR á árunum 2024-2025 eru, í fyrsta lagi, að líðan nemenda verði bætt (A1). Þá munu kennarar vinna mat á vinnuálagi á nemendur í sínum áföngum og nemendur spurðir sérstaklega út í álag í mismunandi fögum í kennslukönnun. Í öðru lagi, að auka ábyrgð nemenda á eigin námi (A2). Mætingartölur nemenda, mat nemenda á eigin stöðu, námsmat og einkunnir prófa verða notuð til að meta stöðu þessa markmiðs. Að lokum að auka gæði náms og kennslu við skólann með því að stuðla að fjölbreyttum kennsluaðferðum (A3). Þá verði námsmat fjölbreyttara og námsbrautir með sérstöðu í námsframboði, sem ekki eru í boði í öðrum skólum, verði efldar.

Þrír starfsdagar, þar sem skólaþróun var í forgrunni voru haldnir 2024. Í byrjun vormisseris 2024 var unnið að rýni í stöðu námsbrauta við skólann. Þá komu fram tillögur frá hópavinnu kennara, sem hægt var að nýta til að betrubæta og einfalda námsbrautarval við skólann. Í mars 2024 tók starfsfólk skólans þátt í sameiginlegum skólaþróunardegi framhaldsskólanna, en þá gafst starfsfólki tækifæri til að kynnast því hvernig unnið er í þeirra fagi í öðrum skólum og um leið miðla af sinni eigin þekkingu.

Á haustmisseri 2024 var haldinn starfsdagur þar sem farið var í vinnu við að rýna einkunnareglur skólans og hvort hægt væri að einfalda og gera gagnsærra einkunnakerfið okkar.

Rekstur



Mynd 12: Skipting rekstrargjalda Menntaskólans í Reykjavík fyrir árið 2024.

Launakostnaður er árlega stærsti útgjaldaliðurinn í rekstri skólans og þar á eftir húsnæðiskostnaður. Þessir tveir liðir mynda samtals 94% af heildarrekstrarkostnaði skólans árið 2024.

Tafla 5: Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu ársins 2024.

Laun	-1.024.477.679
Húsnæði	-260.161.218
Annað	-56.130.873
Sértekjur skólans	37.267.082
Framlag ríkissjóðs	1.241.779.032
Niðurstaða rekstrar	-61.723.656

Ársreikningur 2024 var undirritaður í apríl og er skv. honum rekstrarniðurstaða ársins 2024 neikvæð um ríflega 61 milljón. Upp í það og tap fyrra árs er ónýtt fjárfestingarheimild frá 2023, sem skólinn hafði óskað eftir að yrði færð yfir í rekstur, í fjárukalögum, en var aðeins færð að hluta til og vonum við til að fá flutt yfir í rekstur ársins 2025 (um 85 milljónir).

Aðhaldi í rekstri er að sjálfsögðu alltaf gætt í hvívetna, en sífellt unnið að bættri aðstöðu og tækjakosti skólans. Að mati stjórnar skólans er ógerlegt að reka skólann í núverandi mynd án þess að endurskoða fjárveitingar ríkisins til skólans.

Innra og ytra mat

Í Menntaskólanum í Reykjavík er gæðanefnd skipuð rektor, konrektor og kennslustjóra sem ásamt gæðastjóra skipuleggur og stýrir sjálfsmati skólans. Sjálfsmatsskýrsla og

sjálfsmatsáætlun eru birtar á heimasíðu skólans. Gæðastjóri ber ábyrgð á kennslukönnun, sem lögð er fyrir nemendur á hverju vori.

Síðustu tvö ár (vor 2023 og 2024) voru kennslukannanir þannig að eingöngu var spurt um fjögur-fimm fög, en spurningar voru ítarlegri og fleiri og unnar í samvinnu við kennara fagsins. Markmiðið með þessari breytingu var að þá fengju kennarar þessara námsgreina ítarlegri endurgjöf frá nemendum sínum.

Haustið 2024 var gerð endurskoðuð sjálfsmatsáætlun til næstu þriggja ára. Þá var einnig ákveðið að bjóða upp á stutta kennslukönnun í lok haustmisseris 2024, sérstaklega til að nýir kennarar fengju endurgjöf fyrr.

Hér eru hlekkir á sjálfsmatsskýrsluna og sjálfsmatsáætlunina:

- [Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans í Reykjavík 2023-2024](#)
- [Sjálfsmatsáætlun Menntaskólans í Reykjavík 2024-2027](#)

Viðauki 1 – Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára, 2024-2026

Ríkisaðili	Menntaskólinn í Reykjavík	Ráðuneyti	Barna- og menntamálaráðuneyti
Ábyrgðaraðili	Sólveig G. Hannesdóttir rektor		
A	Kjarnastarfsemi		
	Menntaskólinn í Reykjavík er bóknámsskóli með bekkjarkerfi. Brautir við skólann eru þrjár: málabraut og náttúrufræðibraut, sem skiptast í fjórar deildir hvor og starfsbraut, sem var tekin upp haustið 2023. Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi aðalnámsskrá. Sérstaða skólans er, auk bekkjarkerfis, að námsgreinar eru skipulagðar sem heilsárs áfangar. Námsstími til stúdentsprófs er 3 ár og einingafjöldi á bilinu 209-216 einingar eftir deild innan námsbrautar. Inntökuskilyrði hvorrar námsbrautar eru tilgreind á heimasíðu skólans, ásamt skólareglum og skólahandbók https://mr.is/wp-content/uploads/2023/10/Skolahandbok MR 2023 uppfaert loka.pdf. Fjöldi nemenda við skólann skólaárið 2023-2024 er 675 og gert er ráð fyrir sama fjölda nemenda næstu þrjú árin. Kynjahlutfall nemenda skólaárið 2023-2024 var þannig að stúlkur eru 57% og piltar 43%. Aðaláherslur mála- og náttúrufræðibrauta skólans eru að undirbúa nemendur sem best undir háskólanám, að veita þeim góða menntun í skólaumhverfi sem þeim líður vel í, eru örugg og njóti stuðnings. Með áherslu á þekkingu, þrautseigju og árangur. Nemendur verði sem best í stakk búnir til að takast á við áskoranir í framtíðinni, bæði hnattrænar og samfélagslegar. Menntaskólinn í Reykjavík er í góðri samvinnu við erlenda framhaldsskóla og stenst vel alþjóðlegan samanburð. Aðaláherslur nýrrar starfsbrautar skólans eru að auka hæfni og getu nemenda til að takast á við verkefni daglegs lífs, vinnu, tómstunda og áframhaldandi náms. Nemendur hafa einstaklingsmiðaðar námskrár, en við brautina eru kenndar bóklegar greinar, svo sem stærðfræði, enska og náttúrufræði, með áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og nálgun sem hentar hverjum nemanda. Áherslur og markmið skólans falla vel að markmiðum stjórnvalda um að tryggja aðgang að gæðanámi og -kennslu, að koma í veg fyrir brottfall nemenda og að fleiri nemendur ljúki námi á tilskildum tíma.		

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir							
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
A1	Líðan nemenda verði bætt.	3 og 4	Niðurstöður innra mats á meðal kennara á starfi skólans. Mat kennara á vinnuálag á nemendur (klst/einingu) í sínum áföngum.	Úttekt kennara á vinnu nemenda, klukkustundir á einingu í áföngum sem þeir kenna.	Slík greining hefur ekki verið gerð.	Niðurstöður greiningar kennara og fagstjóra liggja fyrir. Vinna þarf úr niðurstöðunum, kynna fyrir kennurum og etv bregðast við of miklu eða of litlu álagi.	Að vinnuálag á nemendur (klst/einingu) sé innan viðmiðunarmarka (18-24 klst/einingu fyrir meðal-nemanda).
			Könnun lögð fyrir nemendur á hverju skólaári á vormisseri. Könnunin verður annað hvort hluti af reglubundinni kennslukönnun að vori eða sér könnun lögð fyrir í Innu.	Nemendur spurðir út í þeirra mat á álagi í mismunandi áföngum.	Slík greining hefur ekki verið gerð með markvissum hætti.	Ný könnun verður lögð fyrir vorið 2024 til að kortleggja upplifun nemenda af vinnuálagi í námi sínu.	Að mat nemenda sé ekki mjög frábrugðið mati kennara á álagi í áfanga. Einnig að álag á

							nemendur sé innan viðmiðunarmarka (18-24 klst/einingu) og viðráðanlegt nemendum.
			Gögn frá náms- og starfsráðgjöfum og hjúkrunarfræðingi. Notast verður við gögn um fjölda viðtala, fjölda viðtala sem leiði til sértækra úrræða og fjölda viðtala sem leiði til að nemendum sé vísað til sérfræðinga.	Hlutfall nemenda sem hafa einkenni kvíða, þurfa sértæk úrræði eða þurfa utanaðkomandi úrræði hjá sérfræðingum.	Gögn sýna að fleiri nem-endur leita til stoðþjónust u skólans vegna kvíða á hverju ári.	Að hlutfall nemenda sem hafa einkenni kvíða hafi ekki aukist ár frá ári.	Að hlutfall nemenda sem hafa einkenni kvíða hafi fækkað (um amk 3%) síðan 2024 og að þeir sem séu með kvíða-einkenni séu í góðu utan-umhaldi hjá stoðþjónustu skólans.

Tengist markmiði málaflokks

Markmið 2: Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma úr framhaldsskóla.

Markmið 3: Auka gæði menntunar í framhaldsskólum.

Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A1.1	Skólaþróunarvinna meðal kennara og annars starfsfólks. Starfsdagur verður haldinn í byrjun janúar 2024 þar sem skoðaðir verða ýmsir þættir í náminu. Slíkir starfsdagar verða reglulegir í skólastarfinu. Kennarar meta vinnuálag í klst/einingu á nemendur, stjórnendur safna saman gögnum og vinna úr þeim. Einnig verða brautir skólans rýndar, m.t.t. fjölda eininga í áföngum á braut og hvort breyta eigi áherslum á deildum til að jafna álag.					2023	Viðvarandi
A1.2	Árleg kennslukönnun lögð fyrir nemendur í gegnum Innu, ásamt sér könnun um geðheilbrigði, þar sem spurt er um álag í námi, andlega líðan í skólanum og einkenni kvíða. Stjórnendur ásamt gæðastjóra túlka niðurstöður kannana. Sérstaklega verður skoðað hvort upplifun nemenda á vinnuálagi við skólans sé sambærilegt við mat kennara á vinnuálagi í áfanga.					2023	Viðvarandi
A1.3	Stoðþjónusta skólans, þ.e. náms- og starfsráðgjafar, hjúkrunarfræðingur og kennslustjóri, taka saman fjölda viðtala, viðtala sem tengjast kvíða og úrlausn þeirra. Gögn um fjölda viðtala við nemendur verða nýtt til að meta andlega heilsu nemenda. Hjúkrunarfræðingur skólans stendur fyrir fræðslu um geðheilbrigði og úrræði sem nemendur geti nýtt sér. Styrkur hefur fengist frá Lýðheilsusjóði til að bjóða upp á fræðslu fyrir starfsfólk um heilsueflandi lífsstíl.					2022	Viðvarandi
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
A2	Að auka ábyrgð nemenda á eigin námi.	3 og 4	Mætingartölur nemenda.	Skráð mæting í Innu.	Hlutfall nemenda sem fá athugasemd ir vegna mætingar frá kennslustjór a eða kenn-	Að hlutfall nemenda sem fá athugasemd ir vegna mætingar sé 3,5%.	Að hlutfall nemenda sem fá athuga- semdir vegna mætingar sé undir 3,5%.

					urum er afar lágt, eða tæp 4% nemenda skólans.		
			Mat nemenda á eigin stöðu.	Námsmat og einkunnir prófa.	Fall var verulegt í nokkrum fögum vorið 2022. 140 nemendur þurftu að endurtaka próf.	Að fjöldi nemenda sem falla á milli ára sé undir 3,75%.	Að fjöldi nemenda sem falla á milli ára sé undir 3,5%
Tengist markmiði málaflokks							
Markmið 2: Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma úr framhaldsskóla.							
Markmið 3: Auka gæði menntunar í framhaldsskólum.							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A2.1	Kynna vel reglur um skólasókn fyrir nemendum á fyrsta ári og forráðamönnum þeirra.					Haust 2022	Viðvarandi
A2.2	Efla ráðgjöf á vegum jafningjaráðgjafa og námskeið á vegum námsráðgjafa, s.s. í námstækni. Einnig að hvetja nemendur til að nýta sér stoðtíma á vegum jafningjaráðgjafa og á vegum skólans.					Haust 2022	Viðvarandi
A2.3	Kennslustjóri heldur utan um mætingartölur og tekur til sín í viðtöl þau sem fara niður fyrir 87% í mætingu.					Viðvarandi	Viðvarandi
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026

A3	Að auka gæði náms og kennslu við skólann með því að stuðla að fjölbreyttum kennsluaðferðum.	4	Árleg kennslukönnun að vori.	Svarhlutfall í kennslukönnun.	65% nemenda svöruðu kennslukönnun.	60% nemenda svari kennslukönnun.	75% nemenda svari kennslukönnun.
			Árleg kennslukönnun að vori.	Viðhorf nemenda til áfanga og kennara við skólann og hvort nám við skólann sé streituvaldandi.	Viðhorf til áfanga og kennara misjafnt, en almennt gott. Meirihluti nemenda fannst náms-efnið stuðla að því að þeir bættu sig í faginu og að kennslustun dirnar væru vel skipulagðar. 75% nemenda fannst viðhorf kennara til	Að viðhorf til áfanga og kennara sé gott eða mjög gott. Að færri upplifi nám við skólann mjög streituvaldandi. Að amk 77% nemenda finnist viðhorf kennara til þeirra vera jákvætt og skilningsríkt.	Að viðhorf til áfanga og kennara sé gott eða mjög gott. Að færri upplifi nám við skólann mjög streituvaldandi. Að amk 80% nemenda finnist viðhorf kennara til þeirra vera jákvætt og skilningsríkt.

					þeirra vera jákvætt og skilningsríkt.		
			Fjöldi nemenda á brothættum deildum/ deildum með sérstöðu í námsvali.	Skráningar á námsdeildum í Innu.	134 nem- endur eru í máladeild. og eðlisfræði- deild I (haust 2022).	Að nem- endum fækki ekki og helst fjölgi í sömu deildum.	Að nem- endum fækki ekki og helst fjölgi í sömu deildum.

Tengist markmiði málaflokks

Markmið 3: Auka gæði menntunar í framhaldsskólum.

Nr.	Verkefni/aðgerðir		Upphaf	Endir
A3.1	Breyta fyrirkomulagi kennslukönnunar. Fá kennara til að leggja fyrir kennslukönnun í tíma til að auka svarhlutfall nemenda og fá þannig áreiðanlegri niðurstöður. Einnig að vinna markvissar úr niðurstöðum kennslukönnunar.		Vor 2023	Á hverju skólaári
A3.2	Samræming á kennsluaðferðum innan greinar. Fagstjórar hafi yfirumsjón með kennurum sama fags og gæti þess að munur á kennsluaðferðum og yfirferð sé ekki of mikil. Samræming á upplýsingagjöf innan greinar.		Haut 2023	Viðvarandi.
A3.3	Átaksverkefni til kynningar á námi í brothættum deildum sem gert var 2019 verði endurvakið og kynningarefni notað á samfélagsmiðlum skólans. Auk þess að fá umfjöllun í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum skólafélaganna við skólann.		Vor 2023	Viðvarandi.

B	Rekstrarþættir
	Við skólann starfa 88 starfsmenn í 75,4 stöðugildum. Þar af eru 56 konur (64%), 31 karlar (35%) og eitt kvár (1%). Kennarar eru 68 talsins, 8 stundakennarar, 2 fulltrúar á skrifstofu (1,6 stöðugildi), 2 náms- og starfsráðgjafar (1,7 stöðugildi) 1 hjúkrunarfræðingur (70%), 1 umsjónarmaður mannvirkja, 1 matráður og 7 skólaliðar. Í stjórn skólans er rektor, konrektor, kennslustjóri, fjármála- og skrifstofustjóri og verkefnastjóri (75%). Aldursamsetning fastráðinna kennara hefur verið að breytast og í ár hefur hlutfall kennara sem eru 55 ára og eldri lækkað úr 30% í 26%. Menntunarstig kennara er hátt en 5 eru með doktorspróf og 43 með meistarapróf. Allir fastráðnir kennarar eru með kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna. Kynjaskipting yfirstjórnar er fjórar konur í 3,75 stöðugildum og einn karl í einu stöðugildi. 14 fagstjórar kennslugreina eru starfandi við skólann svo og verkefnastjórar í einstökum málaflokkum. Í stoðteymi skólans eru tveir námsráðgjafar (1,7 stöðugildi), báðir kvenkyns, auk þess er hjúkrunarfræðingur í 70% starfi. Stefnt er að því að bæta aðgengi nemenda að sálfræði- og geðlæknaþjónustu í samvinnu við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Á heimasíðu skólans er stefna skólans birt í ýmsum skjölum. Þar er átt við almennar skólareglur, skólasóknarreglur og þar eru birt viðurlög vegna brota á skólareglum. Skólahandbók má finna á heimasíðunni. Á heimasíðunni eru einnig birtar helstu stefnur og áætlanir eins og móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku, umhverfisstefna, jafnréttisáætlun, áætlun um áfallahjálp, viðbragðsáætlun gegn einelti, rýmingaráætlanir og viðbragðs- og aðgerðaráætlanir gegn vá. Skólinn hefur sett sér stefnu í samræmi við ákvæði laga framhaldsskóla og er hún í stöðugri endurskoðun. Innra mat skólans er lögbúið mat með það að markmiði að bæta skólastarfið, auka vellíðan nemenda og starfsfólks og gera hagsmunaaðilum skólastarfið sýnilegra. Matsaðilum á vegum Menntamálastofnunar var falið að gera ytri úttekt á skólanum vorið 2021. Umbótaáætlun skólans var skilað í október 2021. Greinargerð um framgang umbóta var unnin haustið 2022 og skilað til ráðuneytisins. Skólinn er starfræktur í níu byggingum. Átta þeirra eru á menntaskólreitnum en eitt er í Austurstræti 17. Hversu dreift húsnæði skólans er setur skólastarfinu ákveðnar skorður. Lengja hefur þurft skóladag nemenda og kennara til að tími gefist til að komast á milli húsa. Haustið 2023 verða tæki í ípróttaðstöðu nemenda endurnýjuð að stórum hluta. Vonir standa til að hægt verði að hefjast

handa við undirbúningsvinnu við nýtt skólahúsnæði á menntaskólareitnum á skólaáinu 2023-2024. En fram að nýtt húsnæði á menntaskólareitnum verði reist, er hvorki hægt að bæta aðbúnað og aðgengi fatlaðra né huga að mötuneytisaðstöðu fyrir nemendur. Þessi atriði voru meðal þeirra atriða sem bent var á sem tækifæri til umbóta í ytra mati skólans.

Til stendur að setja upp rafrænt aðgengi í allar byggingar skólans, en vinna við það hefur hafist. Húsnæði að Austurstræti 17 er aðgangsstýrt og búið er að leggja fyrir aðgangsstýringu í Casa nova. Sú vinna mun klárast 2023 og vonandi tekst að klára fleiri hús skólans á næstu 2-3 árum.

Skólinn hefur mótað sér stefnu, markmið og áætlanir sem finna má á heimasíðu hans. Persónuverndarstefna skólans var sett árið 2019, en við skólann starfar persónuverndarfulltrúi. Jafnréttisáætlun var síðast endurskoðuð í janúar 2022. Jafnréttisfulltrúi starfar við skólann og jafnréttisnefnd vinnur að því að taka næstu skref á þessu ári. Skólinn fékk vottun skv. jafnlaunastaðli í maí 2020 og var heimild til notkunar á jafnlaunamerkinu endurnýjuð vorið 2023. Skólinn hefur einnig sett sér starfsmannastefnu og til stendur að framkvæma starfsmannaviðtöl með reglubundnum hætti.

Áætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi nær jafnt til starfsmanna og nemenda. Stefnan var síðust endurskoðuð vorið 2019 en til stendur að endurskoða áætlunina m.t.t. leiðbeininga sem barna- og menntamálaráðuneytið mun birta skólastjórnendum framhaldsskólanna.

Innleiðing farsældarlaganna hófst við skólann haustið 2023. Tengiliðir fyrir farsældarvinnu eru náms- og starfsráðgjafar, hjúkrunarfræðingur og kennslustjóri. Upplýsingar um innleiðingu farsældarlaganna er á heimasíðu skólans.

MR tekur þátt í verkefninu heilsuefandi framhaldsskóli og hefur sett sér heilsustefnu svo og umhverfis- og loftslagsstefnu. Skólinn tekur þátt í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri. Skólinn er kominn með tvö skref og stefnir að því að ljúka hinum þremur á næstu árum.

Útkoma skólans úr Stofnun ársins hefur verið batnandi á undanförunum árum og vonandi stefnir skólinn enn hærra á þeim lista. Eitt af markmiðum er að fleiri starfsmenn taki þátt í matinu.

Fyrirhugað er að hafa tvo skólaþróunardaga á vorönn. Í byrjun annar munum við rýna í stöðu námsbrauta við skólann og skoða hvort einhverra breytinga sé þörf. Í mars er svo fyrirhugað að hafa skólaþróunardag með öðrum framhaldsskólum og þá gefst starfsfólki skólans tækifæri til að miðla af sinni eigin þekkingu og kynnst því sem vel er gert í öðrum skólum.

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
B1	Rekstur skólans verði umhverfissvænni og starfsumhverfi bætt.	Vottunarstaðall Umhverfisstofnunar vegna Grænna skrefa í ríkisrekstri.	Gátlistar fyrir vottanir Umhverfisstofnunar á þátttöku MR í Grænum skrefum 1-5.	Skólinn er kominn með tvö skref í Grænum skrefum. Hjólastæði og flokkun sorps komin í gagníð.	Skólinn hafi uppfyllt skilyrði fyrir þriðja og fjórða Grænu skrefi í ríkisrekstri og undirgengist vottanir hjá Umhverfisstofnun.	Skólinn kominn með vottun hjá Umhverfisstofnun um fimmta Græna skrefið.
		Minnkuð notkun og förgun pappírs, notkun fjarfunda.	Yfirlit yfir kaup á pappír borin saman milli ára. Aukning í fjarfundum.	Pappírnotkun og prentun í stýringu. Pappírnotkun hefur minnkað umtalsvert í skólanum. Fjarfundir eru orðnir algengir á ýmsum vettvangi.	Pappírnotkun minnkuð um 10% frá síðustu mælingu. Rafræn skil á skjölum til Þjóðskjalasafns komin á. Fjarfundir séu alltaf í boði.	Pappírnotkun orðin ásættanleg skv mælingu. Fjarfundir og fjarráðstefnur komi ætíð til greina sem valkostir.
		Notkun vistvænna samgöngumáta.	Uppsetning og notkun hjólagrinda. Samgöngusamningur kynntur starfsfólki.	Hjólagrindur eru komnar upp (haust 2021).	Kynning á samgöngu-samningum við starfsfólk skólans.	Almenn notkun hjóla og bætt aðstaða fyrir hjólafólk. Samgöngu-samningur gerður við starfsfólk.

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2024–2026

		Endurnýjun loftljósa í öllum kennslurýmum verði flýtt.	Sparnaður í raforku.	Búið er að skipta um ljós í stærstum hluta Gamla skóla og íþróttahúsi.	Stefnt er að því að ljúka við uppsetningu í Gamla skóla og Casa nova.	Uppsetningu nýrra ljósa með umhverfisvænni orkunotkun lokið.	
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
B1.1	Umhverfisstefna tilbúin (birt á heimasíðu) og aðgerðaráætlun í vinnslu.					2021	2024
B1.2	Kynna samgöngusamninga fyrir starfsfólki skólans og bjóða upp á afslátt á strætókortum.					2022	2025
B1.3	Uppsetning nýrra ljósa með umhverfisvænni orkunotkun (útskipti).					2020	2024
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026	
B2	Að bæta líðan nemenda og starfsfólks.	Stofnun ársins notuð til að meta líðan starfsfólks. Skoðað er heildarmat úr könnuninni en líka þætti eins og starfsandi á vinnustað, vinnuskilyrði, ímynd stofnunarinnar og ánægja og stolt starfsfólks. Allt eru þetta þættir, þar sem hærri einkunn í könnununni, ætti að stuðla að aukinni starfsánægju og þar með bættri líðan í vinnu.	Niðurstaða úr Stofnun ársins.	Skólinn kom betur út úr Stofnun ársins 2022 en fyrri ár. Fór úr 42. sæti árið 2021 upp í 18. Sæti í heildarmati á stofnunum af sambærilegri stærð.	Skólinn verði 5 sætum ofar í lista yfir stofnanir af sambærilegri stærð, en 2022.	Skólinn verði 5 sætum ofar í lista yfir stofnanir af sambærilegri stærð, en 2024.	
		Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og nemenda. Spurningar um starfsánægju sem eru sértækari fyrir skólann en spurningar í Stofnun ársins. Könnun meðal nemenda þar sem spurt er um vinnuálag í skólanum og andlega líðan.	Niðurstaða úr könnunum.	Skv. könnun meðal kennara er mikill meirihluti ánægður.	Könnun meðal kennara sýni að amk 75% starfsfólks upplifi góðan starfsanda á vinnustaðnum. Könnun meðal nemenda sýni að amk 80%	Könnun meðal kennara sýni að amk 85% starfsfólks upplifi góðan starfsanda á vinnustaðnum. Könnun meðal nemenda sýni að amk 90% nemenda líði vel í skólanum	

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2024–2026

					nemenda líði vel í skólanum.	
		Upplifun starfsfólks af jafnrétti á vinnustaðnum.	Yfirlit yfir fagstjóra, verkefnastjóra, prófstjóra og fleiri sem taka að sér viðbótarstörf. Yfirlit yfir greiðslur fyrir viðbótarstörf.	Skipting viðbótarstarfa endurspeglar kynjahlutföll.	Jöfn kynjaskipting æðíð höfð í huga.	Jöfn kynjaskipting æðíð höfð í huga.
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	Áhersla verðí lögð á samstarf við starfsmannafélag skólans um viðburðí fyrir starfsmenn.				2022	Viðvarandi.
B2.2	Menntaskólaselið. Áhersla lögð á að nýta húsið bæðí fyrir nemendur og starfsmenn. Áhersla á kennslu í íslensku fyrir erlenda nemendur í íslenskri náttúru svo og kennslu í umhverfisfræðí. Nýta húsið fyrir starfsmenn í eflingu starfsánægu og jákvæðri upplifun.				2022	Viðvarandi
B2.3	Ávaxtabílinn kemur vikulega með ávexti sem starfsfólk hefur aðgang að.				2022	Viðvarandi
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
B3	Skólinn sé vel sýnilegur erlendis.	Samstarf við erlenda grunn-og framhaldsskóla.	Erasmus+ aðild.	Skólinn fékk Erasmus+ aðild.	Að skólinn sé í einu Erasmus+ verkefni.	Að skólinn hafi tekið þátt í 2 Erasmus+ verkefnum.
		Fjölda kennara sem fer í starfsspeglun erlendis.	Fjöldi kennara sem fer í starfsspeglun.	2 kennarar fóru til útlanda í starfsspeglun.	5 kennarar hafi farið í starfs- speglun erlendis.	8 kennarar hafi farið í starfsspeglun erlendis.
		Skólinn birtist í fellinglugga í umsóknarferli erlendra háskóla.	Umsóknarsíður háskóla.	Skólinn birtist í umsóknaferli ýmissa háskóla.	Skólinn birtist í umsóknaferli flestra háskóla.	Skólinn birtist í umsóknarferli flestra háskóla og í miðlægum umsóknargáttum um háskólanám.

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2024–2026

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir
B3.1	Verkefnastjóri um erlent samstarf var ráðinn haustið 2022 og sér um að kynna fyrir starfsfólki möguleikann á því að taka þátt í Erasmus+ verkefnum.	2022	Viðvarandi
B3.2	Kynna fyrir starfsfólki möguleikann á að fara í starfsspeglun og taka á móti erlendum gestum í starfsspeglun.	2023	Viðvarandi
B3.3	Skoðaður möguleiki á náinni samvinnu við innlenda sem erlenda háskóla. Við skólann starfar verkefnastjóri um erlent samstarf, sem mun hafa yfirumsjón með samvinnuverkefnum við erlenda skóla, jafnt á framhaldsskóla sem á hásskólastigi. Styrkja tengsl sem myndast hafa við háskóla í Bandaríkjunum til þess að auðvelda nemendum að komast í sérhæft nám sem þar er.	2023	2026

Almennt um skjalið

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.

Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.

Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka.

Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.

Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.

Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (e. *outcome*) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (e. *input*) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

HM er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangs röðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára

Tímabil áætlunar: 2024–2026

sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.
Rekstrarþættir Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni. Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríkum mæli eru mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?
Markmið (að hámarki 3) Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í víðum skilningi og almenna starfsemi aðila. Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila, umbóta á sviði mannauðsmála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum um betri vinnutíma og umbótasamtal því tengt auk markmiða stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.
Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið) Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu? Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga. Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.
Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið) Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið. Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsöröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.